

Hulda Kristjánsdóttir

From: Aflið <aflidak@aflidak.is>
Sent: þriðjudagur, 17. október 2023 10:13
To: Sveitarstjóri Flóahrepps
Subject: Erindi til Flóahrepps
Attachments: Erindi til Flóahrepps.pdf

Góðan dag.

Aflið sendir eftirfarandi erindi til ykkar og óskar eftir að það verði tekið fyrir á næsta sveitarstjórnarfundum. Sjá viðhengi.

Bestu kveðjur,



AFLID

Samtök fyrir þolendur ofbeldis

- ☎ 461-5939
- ✉ aflidak@aflidak.is
- 📍 Akureyri, Blönduós,
Egilsstaðir, Húsavík og
Reyðarfjörður

Til sveitarstjórnarráðs Flóahrepps.

Erindi: Umsókn um styrk

Vegna aukinnar aðsóknar í þjónustu Afslins, samtaka fyrir þolendur ofbeldis, óska samtökin eftir því við sveitarfélag Flóahrepps að veita samtökunum styrk að upphæð 100.000 kr.

Um Aflið

Aflið, samtök fyrir þolendur ofbeldis, sinnir einstaklingsviðtölum og hópastarfi, fólki að kostnaðarlausu. Samtökin taka á móti breiðum hópi en á síðasta ári tókum við viðtöl við 112 einstaklinga sem hingað leituðu í fyrsta sinn en alls tókum við viðtöl við tæplega tvö hundruð einstaklinga. Þess má geta að fólk kemur að jafnaði í sex einstaklingsviðtöl og á möguleika á því að fara í hópastarf í framhaldi af því. Þjónusta Afslins er fjölbreytt og bjóðum við upp á fjar-og símaviðtöl en þó kjósa flestir að hitta ráðgjafa í persónu. Fólkið sem hingað leitar er staðsett víðsvegar á landinu. Þess má geta að kostnaður við hvern skjólstæðing nemur um kr. 150.000.

Aflið er með ráðgjafa sem ferðast í önnur sveitarfélög til þess að veita ráðgjöf með reglulegu millibili en einnig er Aflið með ráðgjafa sem staðsettir eru í öðrum sveitarfélögum. Aðal starfsstöð Afslins er á Akureyri, einn ráðgjafi er staðsettur á Húsavík og annar á Egilsstöðum. Þar að auki erum við með reglulega viðveru á Blönduósi og á Reyðarfirði.

Þolendur ofbeldis á landsbyggðunum

Aflið hefur lagt áherslu á að útfæra þjónustu sína þannig að hún henti aðstæðum þolenda ofbeldis á landsbyggðunum. Ástæðan fyrir því að við sendum ykkur þetta erindi og óskum eftir styrk er til þess að bæta þjónustu til þolenda í Flóahreppi.

Samningar

Einnig er möguleiki á því að gera sérsniðinn þjónustusamning við Aflið, sem hentar sérstaklega þolendum ofbeldis í ykkar sveitarfélagi. Slíkur samningur getur t.d. falið í sér aukna þjónustu í Flóahreppi þar sem Aflið yrði auglýst sérstaklega og gæti mögulega heimsótt ykkur til þess að koma með fræðslu. Þess má geta að fjarviðtöl eru alltaf í boði fyrir alla óháð búsetu. Sé áhugi á því að gera slíkan samning, þá tókum við vel á móti ykkur og útfærum samning í góðri samvinnu.

Með von um jákvæð svör

Fh. Afslins

Frættir

Erla Hrönn, framkvæmdastýra Aflsins.